

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Kjalarnes, Vík.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 8. janúar 2016 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Vík á Kjalarnesi. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni lóðarinnar ásamt færslu á byggingarreit umhverfis núverandi hús þannig að unnt verði að byggja við og stækka húsið. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 25. janúar 2016.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 8. febrúar 2016